

FYLGISKJAL NR. 1001

DAGS 14.03.1983

SAMANTEKT:

Hér er um að ræða leigusamning á milli Mosfellshrepps annars vegar og Ólafs Helgasonar hins vegar vegna leigu á 33.771 fermetrum (3,38 hektarar) og leigt til 75 ára.

Hið leigða er Hamrafell.

Þessi samningur kemur í stað byggingabréfs/leigusamnings dagsettu 24. apríl 1947.

Byggingafulltrúinn Ásbjörn Þorvarðsson ritar undir 30.10.1989

L E I G U S A M N I N G U R

Undirritaðir aðilar, hreppsnefnd Mosfellshrepps n annars végur og Ólafur Helgason nnr. 6763-4772, H Mosfellshreppi, hins végur, gera í dag með sér ef

(1)

L E I G U S A M N I N G:

Hreppsnefnd Mosfellshrepps leigir hér með Ólafi Helgasyni land það, sem sýnt er á viðfestum uppdrætti til landbúnaðar og undir fasteignir þær, sem þær eru nú og kunna að verða reistar með samþykki bygginga- og skipulagsyfirvalda, með eftirgreindum skilmálum:

1. Landið er alls 33.771 m² og er leigt til 75 ára frá undirskriftardegi samnings þessa að telja.
 2. Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld til opinberra þarfa, sem lögð eru eða kunna verða lögð á hina leigðu lóð.
 3. Ársleiga skal vera kr. 0,06 af hverjum m² eða kr. 2.026,- af lóðinni allri. Leiguna skal greiða á skrifstofu Mosfells-hrepps og er gjalddagi 15. janúar ár hvert fyrir árið, sem fer hōnd, fyrsta sinn 15.01.1984. Fyrir lóðarleigunni og dráttarvöxtum er lógtaksréttur í húsum og mannvirkjum á lóðinni skv. lögum nr. 29 frá 1885 um lógtak og fjárnám án undangengis dōms eða sáttar. Endurmeta má upphæð lóðarleigu. Matið skal framkvæmt af óvilhöllum dómkvöddum mönnum.
- 6306 1982
LÍFANGLANDSSTÝRI
- Villji hreppsnefnd ekki að loknum leigutímanum, leyfa leigutaka með nýjum leigusamningi að láta hús, sem þá er á lóðinni, standa þar áfram, skal hreppsnefndin, fyrir hōnd sveitarsjóðs, greiða leigutaka sannvirði hússins eða húsanna að meti dómkvaddra manna.
5. Leigutaka er heimilt að selja eða veðsetja leigurétt sinn á lóðinni í heild ásamt húsum þeim og mannvirkjum sem á henni verða gerð. Sala skal tilkynnt á skrifstofu Mosfellshrepps um leið og hún fer fram. Réttur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur þótt leigutaki hafi ekki fullnægt skuldbindingum þeim, sem hann hefur undirgengist gagn-

fylgj. 1

vart leigusala með þessum leigusamningi, enda hvíli skuld-bindingarnar á lóðinni og færst yfir á veðhafa eða aðra, sem óðlast leiguréttinn úr höndum hins upphaflega leigutaka. Brot á leigusamningnum varða því þá, sem síðar fá lóðina til afnota, hinum sōmu viðurlögum hinum upphaflega leigutaka.

6. Nú telur hreppsnefndin að nauðsynlegt sé að leggja vatns-/og eða frárennslislagnir um lóðina og er henni það þá heimilt án þess að greiða bætur fyrir jarðrask eða annað tengt þeim framkvæmdum, enda sjái hreppsnefnd um að koma lóðinni í samt lagt aftur.
7. Núverandi veðbönd, sem eru á lóðinni eða fasteignum, eru leigusala óviðkomandi.
8. Jarðhiti og námaréttur fylgir ekki með leigusamningi þessum.
9. Leigusali hefur lagt nýja hitaveitulögн að Hamrafelli.
10. Samningur þessi kemur í stað byggigarbréfs/leigusamnings dagsettu 24. apríl 1947 og er það hér með staðfest að engin breyting á eignaraðild fasteigna eða mannvirkja verður við gerð samnings þessa.
11. Rísi mál út af samningi þessum má rekja það fyrir aukadómþingi Kjósarsýslu.

Af leigusamningi þessum eru gerð þrjú samrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglesturs.

Mosfellshreppi, 14. mars 1983.

f.h. hreppsnefndar Mosfellshrepps



Vottar að réttri dagsetningu, útgáfu og fjárræði útgefenda.

Samþykkur frambreyndum skilmálum sem leigutaki átak.

Gudmundur Magnússon

Ólafur Helgason

3891 - 7707

Ólafur Helgason.

6770-2719

30-10-89.
BYGGINGAFULLTRÚI
MOSEFELLSBÆJAR

